Botngróður í tjörnum mynda þörungurinn Nitella, Ranunculus trichophyllus (lónasóley), Callitriche hermaphroditica (haustbrúða), Potamogeton filiformis (þráðnykra), og Hippuris vulgaris (lófótur). Oft finnast þessar tegundir einar sér í hverri tjörn, og er þekja þeirra lítil nema Nitellu og haustbrúðu, sem stundum mynda samfelldar breiður. Fjölbreyttasta og samfelldasta gróðurfélag botnlagsins fannst í tjörn einni ofarlega í Oddkelsveri. Tjörnin var á að gizka 100 m² að stærð, og um eitt fet að dýpt. Botninn var leirkenndur, alþakinn samfellum af Nitella og haustbrúðu, með toppum af lónasóley innan um, ásamt votti af þráðnykru í stöku stað.

Lófóturinn nær mestum þroska í djúpum lækjum, sem á fáeinum stöðum renna á milli tjarna, og verður þar yfirmetri á lengd. Þéttar og samfelldar lófótsbreiður, eins og oft má sjá á láglandi, finnast ekki í Þjórsárverum.

Loftgróður tjarna, þ.e. gróður, sem breiðist út í tjarnirnar frá bökkunum, skipa aðallega 3 mosategundir, Drepanocladus tundrae, Scorpidium scorpioides og Calliergon giganteum. Tvær þær fyrrnefndu eru að mestu bundnar við tjarnir og vatnsmestu flóana, en C. giganteum færir sig einnig lengra upp í mýrarnar. Þar sem tjarnamosar ná á annað borð að breiða úr sér í tjörnunum, hverfur á tíð botngróður sá, er fyrr var getið.

Oft skríður tjarnastörin út í grunnar tjarnir, eða myndar kraga meðfram þeim. Önnur hávaxin og grennluleg störr, sem sennilega er bastarður gulstararar og mýrastarar, myndar oft græna kraga í tjarnajöðrum. Engar þekjumælingar voru gerðar í tjörnunum.

Flóar

Flóar eru mjög útbreiddir í Þjórsárverum, og þeim er hér skipt í fjórar greinilega aðskildar gróðursveitir: Tjarnastararflóa, sem eru að jafnaði votastir, oft að staðaldri undir vatni, gulstararflóa, sem einnig eru stundum undir samfelldu vatni, og fífu-hengistararflóa, sem oftast eru vatnsósa, án þess að verulega fljóti yfir þá, og mýrastararflóa, sem eru álíka blautir og fífu-hengistararflóarnir.

Þótt tjarnastararflóinn sé að jafnaði blautastur, hlýtur þó fleira að ráða niðurskipan þessara þriggja gróðursveita, en vatnshæðin ein. Í þurrustu tjarnastararflóunum er jarðvatnsstaðan t.d. hærri en í votustu fífu-hengistararflóunum. Í raun virðist mosagróðurinn gefa betri hugmynd um jarðvatnsstöðuna, en starir þær, er ríkja í gróðurhverfinu.

Þannig hafa tjarnastarar- og gulstararflóarnir að jafnaði nokkurn veginn sömu tegundasamsetningu, að öðru leyti en því, að í öðrum er tjarnastörin ríkjandi, en í hinum gulstörin. Sjaldan vaxa þær báðar saman, og þá helst á mörkum þessara gróðurlenda. Af því leiðir, að mörk þeirra eru að jafnaði skýr, þótt tegundasamsetningin sé svipuð. Í fífu-hengistararflóunum vantar báðar þessar starir, en hengistör, hálmgresi, klófífa og hrafnafífa setja í sameiningu svip sinn á landið, án þess að nokkur ein þeirra nái að ríkja gjörsamlega. Hins vegar eru oft allar þessar tegundir mjög strjálar, mosar verða ríkjandi, og landið ber þá svip vatnsósa mosafenja. Fífu-hengistararflóum má skipta nánar niður, eftir því hver nefndra tegunda er ríkjandi, en mörkin milli þeirra eru oftast fremur óljós, gagnstætt tjarnastarar- og gulstararflóunum, því að sjaldan ríkir ein tegundin alveg yfir hinum. Líklegt er, að ástand þetta skapist af staðbundnum skilyrðum í Þjórsárverum vegna mikillar beitar, en minnkandi beit myndi þá að líkindum skapa hreina brokflóa, þar sem klófífan verður ríkjandi í gróðursvipnum. Athuganir frá öðrum hálandissvæðum (Blágnípuver, Guðlaugstungur) styðja þessa hugmynd, sömuleiðis eldri ljósmyndir, sem til eru frá Þjórsárverum, og sýna brokflóa af þeirri gerð, sem algengust er um hálendi Íslands, en ná ekki að þroskast í Þjórsárverum nú vegna ofbeitar.

Tjarnastararflóar. Þar sem vatnið er dýpst yfir tjarnastararflóunum er tjarnastörin ein drottnandi, og fylgitegundir vantar algerlega (30). Í grynna vatni eru að jafnaði fenjamosar (Drepanocladus tundrae, Calliargon giganteum) í vatnsborðinu inni á milli stargresisins. Einnig er þar eitt og eitt strá af hálmgresi (Calamagrostis neglecta), þótt lítið fari fyrir því. Eftir því sem vatnsborðið lækkar og færast undir gróðursvörðinn bætast svo við fleiri tegundir, svo sem hengistör, ýmsar tegundir af votlendismosum, Cardamine nymanii (hrafnaklukka) og Salix glauca (grávíðir). Þá fer tjarnastörin jafnframt að verða grennri og lágvaxnari. Gróðurfarslega má því skipta tjarnastararflóunum í tvö gróðurhverfi eftir mosategundum, svo sem sýnt er í Töflu I. Votara hverfið einkennist af fenjamosum (Drepanocladus tundrae) og tegundafæð (1-8 á meðfylgjandi töflu), og af því að einkennistegundir þurrari deildarinnar vantar að mestu. Þurrara hverfið er tegundafleira (14-19 teg.) og hefur ætíð allmargar af hinum afmörkuðu einkennistegundum (Tafla I). Vitandlega er hér þó ekki um verulega skörp mörk að ræða, heldur miklu fremur stigvaxandi breytingu eftir vatnshæð, eins og að nokkru kemur fram í töflunum.

Tjarnastararflóar eru einna víðlendastir í Arnarfellsveri og neðri hluta Oddkelsvers, en finnast mun víðar í neðri hluta veranna. Stundum rísa allstórar, stakar rústir upp úr þeim, og víða eru tjarnastararflóar á smáblettum í dældum milli þéttari rústa.

Gulstararflóar. Vatnið verður tæplega svo djúpt í gulstararflóunum, að gulstörin verði nokkurn tíma alveg einráð. Þrjár tegundir fenjamosa eru í votustu gulstararflóunum, Drepanocladus tundrae, Scorpidium scorpioides og Calliargon giganteum. Þeir fyrrnefndu virðast aðeins vera í votustu flóunum, en C. giganteum er einnig þar sem vatnsborðið er lægra. Eftir því sem vatnsborðið lækkar og færast niður fyrir gróðursvörðinn, bætast við nokkurn veginn sömu tegundir og í tjarnastararflóanum, og gulstararflóanum má einnig skipta í tvö gróðurhverfi eftir sömu reglum og gilda um tjarnastararflóann.

Þótt hér sé ætíð talað um gulstararflóa, er þó oftast

um að ræða bleikstinnung (bastað gulstarar og stinnastarar), en ekki hreina gulstör. Bleikstinnungurinn er mjög útbreiddur um votari hluta veranna og myndar samfelldar breiður, oftast nokkuð grænni en gulstörin sjálf. Hann er lágvaxnari, með áberandi bogsveigða jarðsprota með rauðleitum slíðrum, blaðgerðin lík og hjá gulstör, öxin stuttleggjuð og oftast nokkurn veginn upprétt. Hulsturhlífar eru að jafnaði áberandi lengri og oddregnari en hjá stinnastör og mýrastör. Gulstörin sjálf er mun sjaldgæfari í flóunum, mest áberandi í nánd við volgrur svo sem í Nauthaga og í mýrunum við Síla-læki. Þó er hún talsvert víðar, einkum í Oddkelsveri, Illaveri og Arnarfellsveri, og er því ekki bundin við jarðhita. Þó er vart að efa, að Þjórsárverin eru við efstu vaxtarmörk hennar í hálendinu.

Þar sem stör þessi var oft mjög bitin í þekjumælingarreitunum var ekki alltaf hægt að halda bleikstinnung og gulstör fyllilega aðskildum, og í töflu I eru þar settar saman sem ein tegund. Aðgreining þeirra, þar sem hún var möguleg, gaf ekki til kynna neinn annan mismun á tegundasamsetningu í flóum þeim, sem þar vaxa í.

Fífu-hengistararflóar. Þeir einkennast frá fyrrnefndum flóum á því, að gulstör og tjarnastör vantar, en nokkuð af fífum (klófífu og hrafnafífu) kemur í staðinn. Hengistör og hálmgresi eru alláberandi, en báðar þessar tegundir eru einnig algengar í gulstarar- og tjarnastararflóum. Mosarnir Calliargon sarmentosum og Drepanocladus revolvens hafa að jafnaði bæði meiri tíðni og þekju en í gulstarar- og tjarnastararflóunum. Þá er tegundafjöldi nokkru meiri, að jafnaði 17-18. Fjórar aðaltegundirnar úr hópi háplantna, sem þegar hafa verið nefndar, fylgjast alla jafna að, en stundum getur eina eða tvær þeirra vantað.

Þessari gróðursveit er hér skipt niður í 3 undirdeildir eða gróðurhverfi: blokflóa, hengistararflóa og mosaflóa, eftir ríkjandi tegundum. Þótt skiptingin í brokflóa og hengistararflóa sé yfirleitt greinileg annars staðar á hálendinu (Std. Std., eigin athuganir í Blágnípuveri og Guðlaugstungum), er hún þó mjög óglögg í Þjórsárverum. Þetta lýsir sér í því, að tegundirnar fjórar skipta sér oft ákaflega jafnt niður án

Þess að ein þeirra nái að ríkja verulega. Oft eru þar allar afar strjálar, en votlendismosar ríkjandi. Hrafnafífan er útbreidd innan um klófífuna, gagnstætt því, sem er í venju- legum brokflóum. Í töflu II eru þeir mælingareitir, þar sem mosabekja er 90% eða meir, aðgreindir sem mosaflóar. Skipt- ingin í brokflóa og hengistararflóa er hér aðeins byggð á því, hvort klófífa eða hengistör megi sín meira í þekjunni. Að öðru leyti er enginn munur á tegundasamsetningu, og er skipting þessi því ekki greinileg hér í Þjórsárverunum, en er meir í samræmi við reynslu annars staðar af hálendinu.

Reitur nr. 32 er úr Blágnípuveri, reitir nr. 24 og 33 úr Guðlaugstungnaflá, en hinir allir úr Þjórsárverum.

Mýrastararflóar. Í hluta flóanna, svo sem sums staðar í Oddkelsveri og Illaveri, er mýrastörin ríkjandi tegund, en að öðru leyti eru fylgitegundir og mosar þar sömu og í öðrum flóum. Tveir mælingareitanna (43 og 44) eru úr Hvítárnesi, en hinir allir úr Þjórsárverum.

Mýri

Lítið er um eiginlegar mýrar í Þjórsárverum, því að venju- lega tekur raklend mosaheiði með Racomitrium canescens og Drepanocladus uncinatus við, þegar flóanum sleppir. Þó hittast millistig á takmörkuðum svæðum, svo sem á mjóum þúfnarimum, sem víða hlykkjast um flóana, og á vatns- og árbökkum, og á nýlega upphvelfdum rústakollum. Í mýrunum er yfirborð jarð- vatnsins ætíð komið undir jarðvegssvörðinn, og tekur tegunda- samsetning mosanna þá allmiklum breytingum. Sphagnum teres og Drepanocladus uncinatus verða aðalmosategundirnar ásamt Plagiomnium rugicum og Homalothecium nitens, en stór hópur flóamosa hverfur að mestu.

Af störum koma fyrir mýrastör, en á þúfnarimum er oftast stinnastör eða bleikstinnungur, sem er talinn vera bastarður stinnastarar og gulstarar. Líklega er þarna stundum einnig bastarður stinnastarar og mýrastarar, þótt úr því hafi ekki verið skorið að fullu. Á þúfnarimum er nokkuð af kornsúru og grávíði, og þar sem hæst ber er einnig krækilyng og blá- berjalyng, og stundum lokasjóðsbróðir. Á upphvelfdu rústa- kollunum ber lítið á störunum, en mosinn er þeim mun meira áberandi.

Reitir nr. 47, 48 og 50 eru á mjóum þúfnarimum, sem hlykkjast um flóana. Nr. 49 og 54 eru teknir á flatlendi við ár- og lindabakka, nr. 46 og 53 eru uppi á rústakollum, 51 er á upphækkuðum vatnsbakka, en 52 í jaðri nálægt öldurótum, sem meðal annars kemur fram í hárri þekju af Salix herbacea (grasvíði) (snjólega) auk Polytrichum commune og Conostomum tetragonum.

Mosaheiði

Þar sem landið hækkar meira miðað við jarðvatnsstöðu, og eins víða á gömlum, uppgrónum eyrum með malargrunni, myndast mosaheiði með nokkru af víði. Ríkjandi tegundir eru mosarnir Racomitrium canescens og Drepanocladus uncinatus, sem að jafnaði þekja um 60% þessa gróðurlendis eða meir, og einnig víði-tegundirnar tvær, Salix glauca (grávíðir) og Salix herbacea (grasvíðir).

Þessar fjórar tegundir setja langsamlega mestan svip á mosaheiði Þjórsárveranna, og ber mismunandi mikið á víðinum. Þegar mosabemban er smáþýfð, velur Racomitrium canescens fremur þúfurnar, en Drepanocladus uncinatus lautirnar. Eins verður oft meira um Racomitrium canescens með grávíði þar sem landið er herra eða vel framræst á malargrunni, en Drepanocladus uncinatus verður meira áberandi í lægri sundum. Grasvíðir á oft drjúgan þátt í þekjunni, þótt lítið sé hann áberandi vegna smæðar sinnar, en þeim mun meira ber á grávíðinum, og setur hann víða svip á mosaheiðina.

Af öðrum algengum tegundum má nefna Empetrum hermafroditum (krækilyng), Carex bigelowii (stinnastör), Polygonum viviparum (kornsúra), og Festuca rubra (túnvingull). Calamagrostis neglecta (hálmgresi) er einnig mjög víða, þótt lítið beri á því, og sýnir það, að mosabemban er hér fremur votlend, enda sækir hálmgresið meira í lægðirnar með mosanum Drepanocladus uncinatus. Þar sem mosaheiðin er allra votust ber nokkuð á Sphagnum teres og þar hittist einnig Carex rariflora (hengistör), sem ber ótvírætt vitni um háa jarðvatnsstöðu. Þar sem land fer jafnt hækandi úr mosaheiði, breytist hún yfir í þurra lyngheiði, eftir því sem landið þornar, eða víðiheiði, einkum ef jarðvegur er sendinn eða verður fyrir áfoki. Ef hún hækkar snögglega, þannig að bollar eða börð verði á milli, breytist hún yfir í þá röð gróðurlenda, er fylgir blágresisdældunum (sjá síðar).

Anthelíu-flesjur

Á grónum eyrum, sem smám saman eru að breytast í mosaheiði, myndast gróðurlendi, þar sem flög með lifrarmosanum Anthelia juratzkana eru áberandi innan um víðinn. Þetta gróðurlendi er yfirleitt dökkt tilsýndar og allólíkt mosapembunni. Stafar það af því, að mosarnir Racomitrium canescens og Drepanocladus uncinatus mynda ekki eins þykkar og samfelldar þembur, þótt þeir séu ætíð til staðar, en dökkar Anthelíu-flesjur koma á milli. Tegundasamsetningin er annars mjög svipuð og í mosaheiðinni. Þó eru mosarnir Conostomum tetragonum og Pohlia drummondii tíðari hér en í öðrum gróðurfélögum. Á lágum, flötum öldum, sem ekki rísa nema metra eða minna yfir mýrina, bregður þessu gróðurlendi einnig fyrir, þótt aðalgróðurlendið þar sé raklend lyngheiði, sem einnig er nokkuð skyld Anthelíu-flesjunni.

Grasvíðidældir

Anthelia juratzkana myndar einnig sérstök gróðurfélög með Salix herbacea (grasvíði) meðfram öldurótum, einkum norðan og vestan undir melöldunum, og annars staðar þar sem snjór liggur mjög lengi. Hér hafa grasvíðir og Anthelia langmesta þekju, og setur grasvíðirinn mestan svip á landið. Það mun einkum vera löng snjólega, sem aftrar öðrum gróðri frá því að leggja undir sig þessa bletti, enda liggja fannir þar oft langt fram eftir sumri.

Aðrar einkennistegundir eru mosarnir Kiaeria falcata, sem stundum hefur allmikla þekju, og Polytrichum sexangulare, ennfremur Gnaphalium supinum (grámulla), og eru þetta allt viðurkenndar snjódategundir. Krækilyng vantar, sem annars er algengt á Anthelíu-flesjunum.

Raklend lyngheiði

Þar sem landið rís lítið eitt meira og myndar lágur, flatar öldur, sem rísa yfir flóana eða mosapembuna, myndast allsérstæð raklend lyngheiði, sem ber þess mjög merki, hve stutt er í jarðvatnið. Á gömlum rústakollum, þar sem votlendisgróðurinn hefur hörfað, tekur þetta gróðurlendi einnig við. Raklenda lyngheiðin er sjaldan fullgróin, heldur er að jafnaði nokkuð af flögum í henni, og er meðalgróðurþekja 80-90%.

Þótt flestar aðaltegundir mosaheiðinnar séu líka algengar

hér, er þó áberandi, að Racomitrium canescens hefur hér náð yfirhöndinni yfir Drepanocladus uncinatus, nokkru minna er af grávíði og grasvíði, en krækilyng hins vegar orðin ríkjandi tegund, oft með Vaccinium uliginosum (bláberjalyngi) og stundum Betula nana (fjalldrapa). Aðrar algengar tegundir, sem lítið er um í mosaheiðinni eru Harrimanella hypnoides (mosalyng), flétturnar Ochrolechia frigida, Pertusaria oculata og Stereocaulon arcticum, og mosarnir Odontoschisma macounii, Cephalozia pleniceps og Cephalozia ambigua. Mikið er hér af Anthelia juratzkana eins og í Anthelíu-flesjunum. Mjög áberandi fylgjnautur er Saxifraga hirculus (gullbrá), sem skreytir þessar röku lyngheiðar með sínum stóru, gulu blómum og auðkennir þær vel frá hinum þurrari lyngheiðum, sem lýst verður hér á eftir.

Reitir nr. 82, 87 og 91 eru af rústakollum, en hinir á lágum, flötum öldum.

Þurr lyngheiði

Á hærri öldum, sem ná ekki að draga jarðvatnið úr flóanum eins til sín, breytist lyngheiðin á þann hátt, að Saxifraga hirculus (gullbrá) og Calamagrostis neglecta (hálmgresi) hverfa algerlega, en Kobresia myosuroides (þursaskegg) kemur í staðinn og oft nokkuð af Dryas octopetala (holtasóley). Aðrar einkennistegundir eru mosinn Ceratodon purpureus, einnig Thalictrum alpinum (brjóstagras) og Bartsia alpina (lokasjóðsbróðir). Gentiana nivalis (dýragras) og Botrychium lunaria (tungljurt) koma hér einnig fyrir, en tæplega á hinum rakari lyngheiðum. Racomitrium canescens, krækilyng og bláberjalyng eru oftast ríkjandi tegundir, og þáttur þursaskeggs og loðvíðis vex eftir því sem heiðin er þurrari.

Oft hefst þetta gróðurlendi strax á brekkubrún þeirra aldna, sem hafa brattar hliðar. Oft eru öldurnar nokkuð mis-hæðóttar að ofan, og er þetta gróðurlendi þá oft í halla. Skipta mætti þessu gróðurlendi niður í þursaskeggsheiði, lyngheiði og víðiheiði, eftir því hver tegundin er mest ríkjandi, en slík mörk eru þó fremur óglögg, enda tegundasamsetningin mikið til sú sama. Gleggst skilur sig þó víðiheiðin frá, einkum þar sem hún verður fyrir áfoki, og er þá mikill sandur í grassverðinum. Verður hún því tekin sérstaklega fyrir síðar. Þar sem uppblástur er, er víðiheiði næst brúnnum rofabarðanna, en þurr lyngheiði tekur við lengra frá brúninni.

Af sjaldgáfari tegundum, sem koma fyrir í þurri lyngheiði, en lítið er af í öðrum gróðurlendum mætti nefna Loiseleuria procumbens (sauðamerg), Potentilla crantzii (gullmuru), Gentianella tenella (maríuvendling), mosinn Timmia austriaca og fléttuna Cornicularia aculeata (kræðu).

Reitir nr. 97, 98 og 100 eru nálægt brún rofabarðs, reitur nr. 96 er í mestum halla, um 30° móti SV. Reitir nr. 92, 93 og 95 eru nálægt brekkubrúnum aldna.

Blágresisdældir

Í stærri öldum um verin, svo sem Oddkelsöldu, koma víða fyrir dældir í lyng- og víðiheiðinni. Gróður í dældunum er fjölbreyttari en utan þeirra, og einkennist sameiginlega af ákveðnum, allstórum tegundahóp. Skilyrðin í dældinni eru að ýmsu leyti hagstæðari fyrir gróður, t.d. bjóða þær upp á meira skjól fyrir vindi, meiri snjólegu, sem skýlir fyrir frostvindum á vetrum og á vorin, sumar hliðar dældarinnar snúa og betur við sólu en flatlendi. Dældagróður þessi er einnig ríkjandi í brekkum móti suðri og austri utan í öldunum, þar sem þær mæta votlendum.

Flestar tegundir víði- og lyngheiðarinnar eru líka í dældunum, nema krækilyngið. Grávíðirinn er oftast áberandi, en af einkennistegundum dældarinnar er blágresið oftast ríkjandi, og kemur það hvergi fyrir utan þeirra. Snjódaldategundirnar Gnaphalium supinum (grámulla) og Sibbaldia procumbens (fjallasmári) eru tíðar, Hierochloë odorata (reyrgresi), Ranunculus acris (brennisóley), og Taraxacum croceum (túnfífill) leita ennfremur skjóls í dældunum og finnast varla utan þeirra í Þjórsárverum. Mosinn Polytrichum juniperinum er víða ríkjandi í dældunum, en hittist einnig í mörgum öðrum gróðurlendum. Aðrar einkennistegundir úr hópi mosa eru Brachythecium reflexum og Desmatodon latifolius. Þá eru Rumex acetosa (túnsúra) og Viscaria alpina (ljósberi) tíðari í dældunum en annars staðar.

Þegar um djúpar dældir er að ræða, eða undir háum brekkum, hefur lindavatn sums staðar einhver áhrif á jarðveginn, og þess vegna koma í sumum reitum fram tegundir eins og Cerastium cerastoides (lækjafræhyrna), Epilobium anagallidifolium (fjalldúnurt), og Pyrola minor (klukkublóm), en mælingar hafa annars ekki verið gerðar sérstaklega í lindabollum. Einnig

koma sums staðar fyrir einkennistegundir brattrar brekkubarða, svo sem Sagina saginoides (langkrækill) og fléttan Cladonia cariosa þar sem reitir hafa verið teknir í bröttum brekkum, en það gróðurfélag var heldur ekki kannað sérstaklega.

Orsakir þess, að svona margar tegundir sameinast í blágresisdældunum eru greinilega nokkuð mismunandi, eftir því um hvaða tegundir er að ræða. Sumar leita þangað vegna hæfilega langrar snjólegu eins og Gnaphalium supinum (grámulla) og Sibbaldia procumbens en aðrar að líkindum vegna þess að þær þola illa veðráttu hálandisins nema njóta skjólsins, svo sem Ranunculus acris (brennisóley), Taraxacum croceum (túnfífill) og Hierochloë odorata, enda binda þessar tegundir sig engan veginn við dældir á láglandi.

Vegna þess, hve staðhættir eru oft mismunandi á ýmsum stöðum innan dældarinnar, breytist gróðurfélagið líka eftir því. Einkum skapast af þessu greinileg beltaskipting í brekkunum sunnan eða austan undir öldunum, og stjórnast hún bæði af snjólegu, jarðvatnsstöðu, skjóli og beitarskilyrðum. Hér fer á eftir lýsing á slíkri beltaskiptingu, þar sem öldubrekka mætir flóanum. Er hún að mestu byggð á athugunum í Oddkelsveri.

Í flóanum þar eru fenjamosar ríkjandi með einhverju af fífum, hengistör og hálmgresi. Þegar nálgast ölduna, og landið hækkar lítið eitt, breytist mosaflóinn yfir í mosaþembu þar sem Drepanocladus uncinatus og Racomitrium canescens eru ríkjandi með ofurlitlu af gráviði, og vaxandi magni af grasviði eftir því sem nær dregur brekkunni. Næst tekur við grasviðidæld með Anthelíu og er grasviðirinn oft nálega einráður, en með vaxandi magni af Polytrichum juniperinum eftir því sem ofar dregur. Á þessu belti liggur snjóskafli sá, sem leggur af brekkunni, að líkindum lengst, en beinar athuganir vantar á því atriði frá þessum stað. Litlu ofar, eða í brekkurótunum, er Polytrichum orðinn algerlega ríkjandi og um það bil byrjar blágresið, oftast með blettum af Gnaphalium supinum (grámulla) og Sibbaldia procumbens (fjallasmára) inn á milli. Nú fer brekkan að verða brattari og litlu ofar fer Sagina saginoides (langkrækill) að verða alláberandi innan um blágresið, og er mikið af honum allt upp á brekkubrún. Ofarlega í blágresisbeltinu hverfa snjódategundirnar Gnaphalium supinum og Sibbaldia procumbens. Þar sem brekkan er einna bröttust og sólríkust eru flétturnar Cladonia cariosa

og Cladonia acuminata áberandi, en þær vaxa í Þjórsárverum aðeins undir brekkubörðum. Ef brekkan er nægilega há og brött til að takmarka aðgang beitardýra, er venjulega kragi efst í henni af hávöxnum grávíði. Inni á milli grávíðirunnanna fá ýmsar plöntur friðland, sem annars eru viðkvæmar fyrir beit- arásækni, eins og Equisetum hiemale (eski), eða sækjast eft- ir skugga eins og Poa nemoralis (kjarrsveifgras).

Reitir nr. 102-105 og 107-109 eru allir utan í öldum með halla frá SV til SA, en 110-112 og 106 eru í grunnum bollum í víðihöllum, og er þar minna blágresi en meiri víðir, en einkennistegundir að öðru leyti mikið hinar sömu.

Víðiheiði

Þar sem dvergrunnaheiðin er hæst, og einnig á rofabörðum á uppblásturssvæðum, er oft mikill sandur í gróðursverðinum. Þar eru Salix lanata (loðvíðir) og Salix glauca (grávíðir) ríkjandi, en mikið er einnig af túnvingli innan um og oft nokkuð af þursaskeggi. Hins vegar hverfa þar margar af ein- kennistegundum lyngheiðarinnar, en vottar fyrir mela- og sand- tegundum eins og Arenaria norvegica. Yfirleitt er hin sendna víðiheiði tegundasnaudari en lyngheiðin.

Reitir nr. 116 og 118 eru báðir uppi á rofabarði, en hinir eru á samfelldum víðiflesjum með vægum halla. Loðvíðir og grávíðir eru æfinlega mest áberandi í gróðrinum, en dreif- ing þeirra er það stórgerð, að ekki lenda alltaf báðar tegund- irnar í mælingareitunum, enda eru 4 m² reitir, eins og hér voru notaðir, greinilega of smáir fyrir mælingar í þessu gróðurlendi.

Melar

Melarnir einkennast fyrst og fremst af því, að gróður- þekja er sáralítill, en steinar og mól þekja yfirborðið. Nokk- uð er enn af Racomitrium canescens, Salix herbacea (grasvíði) og Festuca rubra (túnvingli), en Drepanocladus uncinatus og Carex bigelowii (stinnastör) vantar nánast algerlega, sem annars eru í öllum gróðurlendum þúrlendisins. Polygonum viviparum (kornsúra) og Salix glauca (grávíðir) vaxa mjög strjált. Nokkrar nýjar einkennistegundir koma hér fram, sem einkenna melana sérstaklega, aðallega Poa glauca (blásveifgras), Silene maritima (holurt), Arenaria norvegica (skeggsandi),

Cardaminopsis petraea (melskriðnablóm), Minuartia rubella (melanóra) og Thymus arcticus (blóðberg).

Jökulmórenur

Önnur gerð bersvæðisgróðurlendis er á jökulmórenunum meðfram jöklunum, og skal þess getið hér lítillega, þótt þær séu utan þess svæðis, sem athugunin beindist að, og engar mælingar væru gerðar á því. Það líkist melunum að því leyti, að gróðurþekja er sáralítill, svo að landið virðist tilsýndar nánast gróðurlaust. Jarðvegurinn er þó ofurlítið frábrugðinn, m.a. að því að hann er meira íblandaður jökulleir, og er rakari. Gróður er einnig talsvert frábrugðinn, m.a. er hér mikið um blaðgrónu grastegundirnar, Festuca vivipara (blávingull), Festuca rubra f. prolifera (blaðgróinn túnvingull), Poa alpina (fjallasveifgras) og Deschampsia alpina (fjallapuntur). Einnig er mikið um Trisetum spicatum (lógresi) og Poa flexuosa (lot-sveifgras), og mega þessar tegundir heita útbreiddar um allar mórenurnar. Sú síðastnefnda er í rauninni háfjallategund, og er víða í fjalllendinu við Hofsjökul, algeng um mórenurnar, en hvergi neðan þeirra. Gegnir furðu, hve útbreiðslumörk hennar fylgja nákvæmlega eftir jökulmórenunum.

Áreyrar

Í gróðurtöflunni eru áreyrar flokkaðar saman sem sérstakt gróðurlendi, vegna hóps einkennistegunda, sem aðgreinir þær frá flestum öðrum gróðurlendum. Þó eru eyrar þær, sem mælingar voru gerðar í, ákaflega ólíkar að ytra útliti, enda mynda þær ýmis stig í samfelldri röð gróðurfarslegrar þróunar (succession) frá ógrónum eyrum eins og jökulárnar skilja við þær, upp í nær fullgrónar áreyrar. Mælingareitir þeir, sem hér eru flokkaðir saman, hafa frá 3-80% gróðurþekju. Á eftir þessum stigum tekur við Anthelíu-flesja með Racomitrium og víði, og síðan mosaheiði með víði (Racomitrium canescens, Drepanocladus uncinatus, Salix glauca og Salix herbacea), sem virðist vera lokastig gróðurfarsþróunar áreyranna hér í Þjórsárverum.

Gagnstætt því, sem er á melunum, er yfirleitt nokkuð há jarðvatnsstaða á eyrunum, og kemur það m.a. fram í því, að hér er hálmgresi nokkuð víða og oft nokkrar breiður af Saxifraga hirculus (gullbrá). Helztu einkennistegundir áreyranna

eru Chamaenerion latifolium (eyrarrós), sem tæplega kemur fyrir utan þeirra, einnig eru Deschampsia alpina (fjallapunktur) og Festuca vivipara (blávingull) áberandi eins og á jökulmórenunum. Tvær fjallategundir eru hér útbreiddar, sem tæplega finnast á láglandseyrum, en það eru Sagina intermedia (snækrækill) og Saxifraga tenuis (dvergsteinbrjótur). Einnig er mikið af Saxifraga nivalis (snæsteinbrjótur), Saxifraga oppositifolia (vetrarsteinbrjótur), Saxifraga caespitosa (þúfusteinbrjótur), og eru hinir tveir síðasttöldu einnig mikið á melum. Nokkrir mosar einkenna áreyrarnar sérstaklega, svo sem Bryum calophilum, Aongstroemia longipes og Pohlia schleicheri. Meira er af Dichodontium pellucidum og Philonotis fontana en í öðrum þeim gróðurlendum veranna, sem könnuð voru. Af fléttum er Stereocaulon glareosum afar algengur á eyrunum í leirbornum sandi, og Stereocaulon rivulorum er víða í mól. Í mælingunum koma einnig fram tegundir, sem annars einkenna rökflög, og verða helzt skilyrði fyrir þær þar sem moldarjarðvegur eða leirborinn sandur safnast saman. Það eru Koenigia islandica (naflagras), Sedum villosum (flagahnoðri), Juncus biglumis (flagasef) og Juncus triglumis (blómsef).

Ekki nema tegundir áreyranna land af neinu handahófi, heldur að miklu leyti eftir ákveðnum reglum. Þegar árnar skilja við landið, hafa þær flokkað á mismunandi hátt í sundur fínan jökulleir, sand, fína og grófa mól. Sums staðar hafa þær hlaðið þessum efnum nokkuð upp, en annars staðar eru rásir eftir vatnsfarvegi með tiltölulega hærri jarðvatnsstöðu miðað við yfirborð.

Í botni tæmdra vatnsrásanna eru aðallandnemarnir Philonotis fontana, Drepanocladus uncinatus og Racomitrium canescens. Þegar frá líður nær Drepanocladus oft yfirhöndinni á þessum stöðum. Þó heldur Philonotis fontana lengi velli, þar sem vottur af uppsprettuvatni seittlar upp í gegn um mölina. Racomitrium lætur hér smám saman undan síga, en heldur fremur velli þar sem herra er á milli vatnsrásanna. Þar sem mikið safnast saman af grófri mól á mosinn erfiðara uppdráttar, en eyrarrós, steinbrjótar og geldingahnappar verða yfirsterkari, og stundum verður reyndar eyrarrósinn einráð áður en lýkur.

Þar sem fínni mól hefur hlaðist upp nemur Racomitrium canescens oft land þegar á öðru ári, en mjög strjált. Bezt þroskast hann þar sem smárótardræsur eða torfur hafa stöðvast

á hávöðum og safnað kringum sig nokkru af finni jarðvegi úr vatnsflaumnum. Þar myndast oft *Racomitrium*-þúfur, þegar frá líður. Þar sem yfirborð malarinnar er myndað af smásteinvölum sem límast saman af fínum jökulleir eða leirbornum sandi, myndast smám saman svört skorpa af blágrænum þörungum, og í henni nær *Anthelia juratzkana* yfirhöndinni á fáum árum. Með tímanum sökkva steinarnir, en leirinn lyftist fyrir áhrif frostverkana, og getur þá Anthelíu-skorpan orðið samfelld, en lag smásteina verður eftir rétt undir skorpunni. Síðar ná ýmsar aðrar tegundir fótfestu í Anthelíu-flesjunni, svo sem grávíðir, grasvíðir, steinbrjótar (*Saxifraga caespitosa*, *S. nivalis*, *S. tenuis*, *S. hirculus*), geldingahnappar o.fl. tegundir. Þegar frá líður vex smám saman magn grávíðisins og mosanna *Racomitrium canescens* og *Drepanocladus uncinatus*, þar til þessar tegundir ná yfirhöndinni og mynda þykka mosaþembu, ef eyrin fær að vera í friði fyrir ágangi jökulvatnanna.

Rústasvæði

Rústasvæðin eru samsett af smágerðu mynstri margra gróðurfélaga, sem skiptast á eftir afstöðu grunnvatns til gróðursvarðar. Afstaða grunnvatnsins breytist við að þykkur jarðklaki nær að myndast á takmörkuðum blettum og lyftir jarðveginum oft um 0,7-1,5 m yfir umhverfið. Myndast þannig svokallaðar rústir, sem oft eru 5-15 m á lengd, en geta orðið 20-25 m, og eru venjulega aflangar.

Fyrst eftir að rústin lyftist er að jafnaði á henni sami gróður og var upphaflega í flóanum, þar sem hún myndast, en fljótlega drepast þó fenjamosar og aðrar plöntur, sem betur þola vatnsborðslækkunina, ná yfirhöndinni. Ef rústin nær að haldast nægilega hátt yfir mýrinni í áratugi, myndast smám saman á henni blómríkur lynggróður. Innan í rústinni er ískjarni, og er síðsumars venjulega 30-50 cm jarðvegslag niður á klakann. Í mýrunum og dældunum í kring hverfur jarðklakinn alveg á sumrin. Svæðin eru sums staðar svo þétt sett rústum, að landslagið verður eins og hrikalegir móar með tjörnum í lautum, en annars staðar rísa rústirnar strjálar upp úr víðlendum flóum.

Myndun og hnignun rústa. Ekki voru í Þjórsárverum gerðar neinar sérstakar rannsóknir á myndun rústa og eðli þeirra, enda þyrftu slíkar athuganir að ná yfir langt tímabil. En margt má ráða um myndun þeirra af beinum athugunum, reynslu annarra og af rannsóknum bæði hér á landi og erlendis.

Rústasvæðin eru sífelldum breytingum háð, þannig að nýjar rústir hvelfast upp úr flatrí mýri og flóum, en gaml- ar rústir falla saman aftur. Þetta má sjá af gróðrinum, nýupphveldar rústir hafa leifar tjarnagróðurs eða votlend- isgróðurs á kollinum, en samanfallnar rúsir skilja oft eftit sig víðikvisti eða lyng á botni tjarna, sem stundum myndast þar sem rústirnar hafa áður verið.

Ýmsar heimildir benda til þess, að rústum fjölgi, þegar loftslag kólnar, en að þær hverfi þegar betur árar. Þannig getur Steindór Steindórsson (1967) þess, að 1940 hafi rústir á Gnúpverjafrétti verið mjög í hrörnun og telur það afleið- ingu hinna hlýju sumra 1930-40. Í sömu átt benda tilvitnanir hans í bréf frá Guðmundi Jósafatssyni, sem fylgzt hefur

með ákveðnum rústum á margra ára millibili. Að sjálfsögðu er eðlilegt, að það batist við ískjarna rústanna og þeim fjölgði í köldu árferði, en falli saman við bráðnun ískjarnans, þegar betur árar. En ýmislegt virðist þó benda til þess, að þessi skýring ein nægi ekki til að skýra upphaf og örlög hverrar rústar. Steindór Steindórsson (1945) hefur bent á, að uppblástur verði oft gömlum rústum að aldurtila. Þess höfum við einnig séð dæmi í Þjórsárverum, en þó virðast það ekki vera algengustu endalok rústa þar. Sumrin 1971 og 1972 sást mikið af nýmunduðum rústum víðsvegar um verin, bæði innan um gamlar rústir og utan þeirra. Einnig voru rústir víða samfallnar eða á fallanda fæti. Þetta getur því hvort tveggja gerst samtímis. Myndun og hrörnun rústa virðist að staðaldri vera í nokkurs konar hringrás, þannig að rústir rísi, nái mismunandi háum aldri og falli síðan saman aftur án þess að loftslagsbreytingar þurfi að koma til.

Erfitt er að gera sér ljósa grein fyrir því, hvers vegna rúst hvelfist upp úr flatrí mýri, eða hvað ræður staðsetningu hennar. En þegar loftslagið er nálægt þeim mörkum, að vetrarklakinn nái ekki að bráðna yfir sumartímann, þarf vafalaust ekki nema smávægilegt, staðbundið frávik í hitabúskap jarðvegsins, til að valda þykkari ísmyndun á einum stað en öðrum, eða draga úr leiðni sólarhitans niður í jarðveginn á sumrin. Og þegar fyrsta kúpan er komin, virðast öll skilyrði vera til þess, að rústin haldi áfram að vaxa, svo framfarlega sem loftslagsskilyrði leyfa. Snjóalög hljóta að verða þynnri yfir henni en umhverfis hana, og vetrarfrostin eiga því greiðari aðgang. Þegar svo efstu jarðvegslögin taka að þiðna á vorin, sígur jarðvatnið betur niður af rústinni en umhverfi hennar, og hið tyrfna jarðvegslag hennar einangrar ískjarnann fyrir sólarhitann. Í kringum rústina leikur grunnt vatn um jarðsvörðinn, sem volgnar fljótt í sólinni, og hiti þess leiðist betur niður í vatnsósa jarðveginn. Það er því líklegt, að vöxtur rústarinnar, eftir að hún er einu sinni mynduð, geri minni kröfur um kalt loftslag, heldur en upphaf hennar.

Ef rústin nær að haldast, breytist gróður hennar á næstu árum eins og síðar er frá greint. Að lokum nær lynggróður yfirhöndinni, tyrfni jarðvegsins hverfur smám saman og rotnar, þegar grunnvatnið hefur lækkað og loft á greiðari

aðgang í jarðveginn, og ný jarðvegsmyndun lyngheiðarinnar er ekki tyrfin. Allt þetta minnkar einangrunarhæfni jarðvegsins yfir rústinni fyrir sólarhita sumarsins, og við það bætist, að gróðurlagið er gisnara í lyngheiðinni og minna um mosa. Oft myndast einnig flagsár í gróðursvörðinn, sem enn minnka einangrunarhæfni hans, auk þess sem ber flög hitna meira af sólargeislunum, en gróðurhulinn jarðvegur. Þegar rústir taka að falla saman eða síga vegna hrörnunar ískjarnans, myndast oft alldjúpar sprungur í jarðveg þeirra, sem bæði greiða fyrir uppblæstri og hitaleiðni. Til að þessar hugmyndir standist verður þó að gera ráð fyrir, að aukin leiðni rústarinnar stuðli meir að leiðni sumarhitans sem bræðir klakann, en leiðni vetrarfrostanna, sem mynda hann aftur.

Við teljum líklegt, að allir þeir þættir, sem þegar voru nefndir, vinni saman að því að takmarka aldur rústanna, héraendis, þótt loftslagssveiflur komi ekki til. Áhrif þeirra bætast að sjálfsögðu ofan á þessa eðlisbundnu hringrás. Erfitt er að segja nokkuð um það, hversu langan tíma þessi þróun taki, en sjálfsagt er aldur margra rústa nokkrir áratugir að minnsta kosti. Að líkindum gildir það sem hér hefur verið sagt, aðeins við svipaðar aðstæður og á Íslandi, þ.e. á suðurmörkum freðmýranna og við úthafsloftslag. Þar sem loftslag er kaldara, er aldri rústanna sennilega engin takmörk sett.

Sums staðar í Þjórsárverum höfum við orðið varir við, að rústasvæði þorni upp, og geta rústirnar þá staðnað í landslaginu, og haldið formi sínu, þótt klakinn nái að bráða úr þeim. Ef þær þorna verulega, breytist lynggróðurinn yfir í víðiheiði, og víðir getur lagt undir sig dældirnar líka, ef grunnvatnið lækkar nægilega. Steindór Steindórsson getur þessa fyrir bærís á tveim stöðum, frá Eyvindarstaðaheiði með tilvitnun í Guðmund Jósafatsson, og sjálfur hefur hann skoðað eitt slíkt rústasvæði, sem einmitt var í Tjarnarveri (1967), og getur þess jafnframt, að annars staðar hafi hann varla orðið var við þornað rústasvæði, sem varizt hefði uppblæstri.

Útbreiðsla rústa í Þjórsárverum. Sérstök könnun var gerð á útbreiðslu og gerð rústasvæðanna í Þjórsárverum, og eru niðurstöður hennar sýndar á meðfylgjandi kortum. Rústasvæðin eru ákaflega fjölbreytileg að gerð, bæði eftir stærð

og þéttleika rústanna, aldri þeirra, gróðri á rústakollum og eftir gróðri votlendisins eða tjarnanna á milli þeirra. Rústasvæðin eru hér flokkuð niður eftir gróðri á rústakollum og í dældum milli rústa.

Þroskuðustu rústasvæðin koma á kortunum fram sem rústamerki með ferningum (raklend lyngheiði) á bylgjumerktum eða strikuðum grunni (tjarnir og tjarnastör). Þótt mikið sé af fullþroskuðum rústum í þessum svæðum, ber þó ekki að skilja það svo, að þessi rústasvæði séu í hnignun, enda er oft nokkuð af nýjum rústum innan um, og svæðið í heild heldur sér, þótt einstakar rústir komi og fari. Þar sem „V og X ríkja eru minni andstæður í gróðurfari kolla og dælda, og eru það því að jafnaði yngri rústasvæði, og að líkindum ekki eins varanleg.

Á kortinu kemur fram, að aðalrústasvæðin eru neðarlega í verunum á dálitlu beltí, um 4 km breiðu, út frá Þjórsá. Eina og eina rúst má finna utan hinna merktu svæða, svo sem ofarlega í Oddkelsveri og milli Nautöldu og Söðulfells, án þess að um nokkur samfelld rústasvæði sé þar að ræða. Þessar rústir eru ætíð lítt þroskaðar, með hengistör og hálmgresi.

Gróðurfur rústasvæðanna. Smátjarnir eru víða í dældum milli rústa, sem þáttur í hinu reglulega mynstri. Þær eru einkum þar sem rústir eru þéttar, og eru annað hvort gróðurlausar að mestu, eða með botngróðri þeim, er lýst var að framan, eða tjarnamosum. Víða rofnar þetta mynstur af stærri vötnum.

Tjarnastararblettir eru oft í dældum milli rústa, eða vaxa út í grunnar tjarnir og mynda kraga meðfram þeim. Rústir koma einnig fyrir í víðlendum, samfelldum tjarnastararflóum. Þegar svo ber undir, eru rústirnar að jafnaði strjálar, en óvenju stórar um sig. Stærstu rústir Þjórsárvera eru því í tjarnastararflóum.

Gulstör er víða ríkjandi milli rústa, annað hvort á samfelldum svæðum, eða í dældum á milli þeirra. Flest bendir til, að nýjar rústir myndist tæplega í flóum, þar sem gulstör eða tjarnastör hefur náð að mynda samfelldar breiður, a.m.k. ekki við þær aðstæður, sem nú ríkja í verunum. Við sáum aldrei nýrnisnar rústir með slíkum gróðri. Vel kann þó að vera, að slíkt geti átt sér stað við kaldara

loftslag.

Hengistarar-, fífu- eða mosaflóar eru mjög víða í dældum milli rústa, enda má segja að þetta sé algengasta gerð flóa í verunum. Oft myndast nýjar rústir í þessu gróðurlendi, og kemur það því bæði fyrir á milli rústa og á rústakollum. Eftir myndun þeirra hverfa flóamosar þó fljóttlega af rústakollunum, og svipuðu gegnir um fífur, en hengistör og hálmgresi halda lengur velli. Í stað flóamosanna ná tegundir eins og Sphagnum teres og Drepanocladus uncinatus að auka þekju sína, og smám saman breiðast þar út Salix glauca (gráviðir) og S. herbacea (grasviðir).

Ef þessar nýrisnu rústir haldast nokkur ár og rísa nægilega hátt yfir grunnvatnsstöðu umhverfisins, bætast við krækilyng og mosategundin Racomitrium canescens og gráviðir og grasviðir auka enn þekju sína. Jafnframt lúta þá hengistör og hálmgresi í lægra haldi og hverfa.

Raklend lyngheiði er lokastig rústanna. Þar er krækilyng að jafnaði mest áberandi, með nokkru af gráviði og grasviði og stundum bláberjalyngi. Mosinn verður minna áberandi, helzt þó Racomitrium canescens. Mikið er einnig af blómfögrum þurrlandisjurtum, geldingahnapp, lambagrasi, þúfusteinbrjót, lokasjóðsbróður o.fl., einnig talsvert af fléttum. Mikið er og jafnan af gullbrá.

Líklegt er, að þetta gróðurstig geti varað fleiri áratugi. Oft myndast flagsár í gróðursvörðinn, og því eru nokkrar flagtegundir hér algengar, svo sem Sedum villosum (flagahnoðri), Koenigia islandica (naflagras) og Juncus biglumis (flagasef). Stundum taka rústirnar að blása. Eins og áður var bent á, er líklegt, að þessi flagsár verði rústunum að lokum að falli, því að sólarhitinn á þá greiðari aðgang að ískjarnanum, þegar hið einangrandi lag gróðursvarðarins er rofið. Ef ískjarninn nær að eyðast að marki, falla jaðrar rústanna niður og sprungur myndast í brúnum, sem enn greiða bæði fyrir uppblæstri og hitageislum sólarinnar.

